

Ed.

773. Frumvarp til laga

[263. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 541 með þessum breytingum:

25. gr. hljóðar svo:

Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

1. Allir launaskattsgreiðendur, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi, skulu greiða eftirlaunaiðgjald er nemur 0.5% af launaskattsstofni eigin vinnu, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1965, enda greiði þeir ekki iðgjöld af þeirri vinnu í lífeyrissjóð. Aldrei skal þó greiða eftirlaunaiðgjald af hærri launaskattsstofni en sem á vantar, að greidd séu iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna hlutaðeigandi manns af árstekjum miðað við fullt starf og 10% lífeyrissjóðsiðgjald.

Eftirlaunaiðgjald þetta skal innheimt á sama hátt og launaskattur.

2. Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, skulu leggja fram 1% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðsfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.
3. Þeir lífeyrissjóðir, sem ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu auk 1% framlags af iðgjaldatekjum skv. 2. lið þessarar gr. leggja fram 4% af sömu tekjum.
4. Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa að jöfnu undir kostnaði af greiðslum samkvæmt þessari málsgrein.

Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 2. og 3. lið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjaldþagi hins áætlaða framlags er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæðis þessarar greinar.

Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð í árslok 1981, sbr. 21. og 22. gr.

26. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1980 skal ríkisstjórnin leggja fram frumvarp til laga sem létti greiðslubyrðar á Atvinnuleysistryggingasjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða tryggi þeim nýja tekjustofna.